

allshn.

234. mál

From: gudlaug.jonasdottir@dmr.stjr.is [mailto:gudlaug.jonasdottir@dmr.stjr.is]
Sent: 10. desember 2010 11:43
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Subject: Vegna spurningar varðandi Lúganó og forsjármál

Alþingi
Erindi nr. P 139/894
komudagur 10.12.2010

Sæl Elín Valdís,

Í framhaldi af fundi okkar í morgun vildi ég upplýsa að Lúganósamningurinn tekur almennt ekki til mála sem varða fjölskyldurétt og þannig tekur hann t.d. ekki til skilnaðarmála eða forsjármála. Hann tekur hins vegar til mála sem varða framfærsluskyldu, hvort heldur er með maka eða barni. Komi þannig upp alþjóðlegt forsjármál hér á landi gilda ákvæði laga nr. 160/1995 um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl. sem byggja á þeim alþjóðsamningum sem Ísland hefur gengist undir á þessu sviði.

Í tengslum við þetta þá tókum við saman eftirfarandi lista yfir alþjóðlegasamninga sem fjalla um málefni fjölskyldunnar.

Ísland er aðili að:

Haagsamningi frá 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa (Convention on the Civil Aspects of International Child Abduction)
Evrópusamningi frá 1980 um um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna (European Convention on Recognition and Enforcement of Decisions concerning Custody of Children and on Restoration of Custody of Children)

Ísland hefur undirritað en ekki fullgilt:

Evrópuráðssamning um réttindi barnsins frá 1996 (European Convention on the Exercise of Children's Rights)

Ísland er ekki aðili að:

Haagsamningi frá 1996 um lögsögu, lagaval, viðurkenningu, fullnustu og samvinnu um forsjá og varnaðaraðgerðir varðandi börn (Convention of 19 October 1996 on Jurisdiction, Applicable Law, Recognition, Enforcement and Co-operation in Respect of Parental Responsibility and Measures for the Protection of Children)

Haagsamningi frá 2007 um endurheimt meðlags og annars konar fjölskylduframlags (Convention of 23 November 2007 on the International Recovery of Child Support and Other Forms of Family Maintenance)

Evrópuráðssamningi um umgengni frá 2003 (Convention on Contact concerning Children)

Ég vona að þetta taki af allan vafa í sambandi við fyrirspurnina sem til okkar var beint í morgun. Ef eitthvað er enn óskýrt eða ef fleiri spurningar vakna endilega hafið samband við mig aftur.

Með bestu kveðju

Guðlaug